

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

107. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 11. janúar 2012 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Búfjárefirlit. Skýrsla búfjárefirlitsmanns.
2. Upplýsingar um grenja- og minkavinnslu.
3. Upprekstur í Kirkjuhvammi.
4. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Ingvar J. Jóhannsson, eftirlitsmaður með lausagöngu búfjár er mættur til fundarins. Lagði hann fram skýrslu sína um eftirlitsstörf á árinu 2011. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra og eftirlitsmanni að kynna fulltrúa Vegagerðarinnar skýrsluna. Landbúnaðarráð felur eftirlitsmanni að afla upplýsinga frá Matvælastofnun um sauðfjárveikivarnargirðingar.

2. Fram lagðar upplýsingar um refa- og minkaveiði 1. september 2010 – 31. ágúst 2011. Kostnaður er alls kr. 5.882.865-

3. Landbúnaðarráð felur sveitarstjóra að leggja drög að reglum um upprekstur hrossa í Kirkjuhvammi.

4. Önnur mál.

A) Sveitarstjóri lagði fram til kynningar upplýsingar um rástöfun styrkvegafjár á árinu 2012.

B) Í kjölfar sameiningar Bæjarhrepps og Húnaþings vestra álitur landbúnaðarráð óhjákvæmilegt að ráðast í endurskoðun fjallskilareglugerðar. Sveitarstjóra falið að senda bréf til fjallskilastjórna og óska eftir athugasemdum eða tillögum um breytingar á ákvæðum reglugerðarinnar.

Þorsteinn B. Helgason boðaði forföll.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),  
Jóhann Ragnarsson(sign.),  
Agnar Jónsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).